

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2005/49/EB

frá 25. júlí 2005

um breytingu á tilskipun ráðsins 72/245/EBE um rafsegultruflanir (rafsegulsviðssamhæfi) í ökutækjum og tilskipun ráðsins 70/156/EBE 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra í því skyni að laga þær að tækniframförum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

vélknúnum ökutækjum. Hins vegar er enn verið að þróa tækni sem notar tíðnisviðið 79 GHz fyrir þráðlausar sendingar en hún er ekki enn orðin kostnaðarhagkvæm.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

- 4) Tímabundin notkun tíðnisviðsins 24 GHz fyrir þráðlausar sendingar fyrir skammdrægan ratsjársjúnað í vélknúnum ökutækjum er leyfð með ákvörðun 2005/50/EB. Sú tækni, sem notar þetta tíðnisvið, er aðgengileg til skamms tíma á sanngjörnu verði, þannig að unnt verður að meta með skjóttum hætti árangurinn af nýtingu skammdrægs ratsjársjúnaðar í vélknúnum ökutækjum að því er varðar umferðaröryggi. Hins vegar verður að takmarka notkun ratsjársjúnaðar með þeirri tækni til að komast hjá truflunum á öðrum búnaði sem notar tíðnisviðið 24 GHz fyrir þráðlausar sendingar.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 72/245/EBE um rafsegultruflanir (rafsegulsviðssamhæfi) í ökutækjum ⁽²⁾, einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun 72/245/EBE er ein sértilskipananna sem fjalla um gerðarviðurkenningaráðferð Bandalagsins sem var tekin upp með tilskipun 70/156/EBE.
- 2) Í því skyni að bæta öryggi ökutækja með því að stuðla að þróun og nýtingu á tækni, sem notar skammdrægan ratsjársjúnað í vélknúnum ökutækjum, hefur framkvæmdastjórnin samhæft notkun tveggja tíðnisviða með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/545/EB frá 8. júlí 2004 um samhæfingu tíðnisviðsins fyrir þráðlausar sendingar á tíðnisviðinu 79 GHz til notkunar fyrir skammdrægan ratsjársjúnað í vélknúnum ökutækjum í Bandalaginu ⁽³⁾ og með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/50/EB frá 17. janúar 2005 um samhæfingu á tíðnisviðinu 24 GHz fyrir þráðlausar sendingar til tímabundinnar notkunar fyrir skammdrægan ratsjársjúnað í vélknúnum ökutækjum í Bandalaginu ⁽⁴⁾.
- 3) Staðfest hefur verið að tíðnisviðið 79 GHz fyrir þráðlausar sendingar er hentugasta tíðnisviðið fyrir þróun og nýtingu til langs tíma á skammdrægum ratsjársjúnaði í vélknúnum ökutækjum. Til samræmis við það var tíðnisviðið 79 GHz fyrir þráðlausar sendingar samkvæmt ákvörðun 2004/545/EB tilnefnt og gert aðgengilegt, án truflana og óvarið, fyrir skammdrægan ratsjársjúnað í

- 5) Samkvæmt ákvörðun 2005/50/EB er einungis leyft að nota ratsjársjúnað á tíðnisviðinu 24 GHz þegar honum er upprunalega komið fyrir í nýju ökutæki eða þegar honum er skipt út fyrir búnað sem var komið þannig fyrir og á tímabili sem lýkur eigi síðar en 30. júní 2013. Hins vegar er hægt skv. 5. gr. ákvörðunar 2005/50/EB að flýta þeirri tímasetningu.
- 6) Í samræmi við ákvörðun 2005/50/EB skulu aðildarríkin koma upp vöktunarkerfi í þeim tilgangi að ákveða fjölda skráðra ökutækja með skammdrægan ratsjársjúnað á tíðnisviðinu 24 GHz á yfirráðasvæði þeirra. Því er nauðsynlegt að sjá aðildarríkjunum fyrir viðeigandi úrræðum til þess að framfylgja vöktuninni.
- 7) Breyta ber tilskipun 72/245/EBE til samræmis við þetta.
- 8) Breytingar á tilskipun 72/245/EBE hafa áhrif á tilskipun 70/156/EBE. Nauðsynlegt er því að breyta þeirri tilskipun til samræmis við það.

⁽¹⁾ Stj. tíð. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/104/EB (Stj. tíð. ESB L 337, 13.11.2004, bls. 13).

⁽²⁾ Stj. tíð. EB L 152, 6.7.1972, bls. 15. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/104/EB.

⁽³⁾ Stj. tíð. ESB L 241, 13.7.2004, bls. 66.

⁽⁴⁾ Stj. tíð. ESB L 21, 25.1.2005, bls. 15.

- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækni-framförum sem komið var á fót skv. 13. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

2. gr.

Breyting á tilskipun 70/156/EBE

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breyting á tilskipun 72/245/EBE

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 72/245/EBE:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 2.1.12.2 í I. viðauka:

„2.1.13. „Skammdrægur ratsjársjúnaður á tíðnisviðinu 24 GHz“: ratsjá sem er skilgreind í 2. mgr. 2. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2005/50/EB (*) og fullnægir nothæfiskröfum í 4. gr. þeirrar ákvörðunar.

2.1.14. „Skammdrægur ratsjársjúnaður á tíðnisviðinu 79 GHz“: ratsjá sem er skilgreind í b-lið 2. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2004/545/EB (**) og fullnægir nothæfiskröfum í 3. gr. þeirrar ákvörðunar.

(*) Stjtið. ESB L 21, 25.1.2005, bls. 15.

(**) Stjtið. ESB L 241, 13.7.2004, bls. 66.“

2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 12.2.7 í II. viðauka A:

„12.7.1. ökutæki sem eru búin skammdrægum ratsjársjúnaði á tíðnisviðinu 24 GHz: Já/Nei (strikið yfir það sem á ekki við)

12.7.2. ökutæki sem eru búin skammdrægum ratsjársjúnaði á tíðnisviðinu 79 GHz: Já/Nei (strikið yfir það sem á ekki við)“.

3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1.3 í viðbætinum við III. viðauka A:

„1.3.1. ökutæki sem eru búin skammdrægum ratsjársjúnaði á tíðnisviðinu 24 GHz: Já/Nei (strikið yfir það sem á ekki við)

1.3.2. ökutæki sem eru búin skammdrægum ratsjársjúnaði á tíðnisviðinu 79 GHz: Já/Nei (strikið yfir það sem á ekki við)“.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 70/156/EBE.

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 12.6.4 í I. og III. viðauka:

„12.7.1. ökutæki sem eru búin skammdrægum ratsjársjúnaði á tíðnisviðinu 24 GHz: Já/Nei (strikið yfir það sem á ekki við)

12.7.2. ökutæki sem eru búin skammdrægum ratsjársjúnaði á tíðnisviðinu 79 GHz: Já/Nei (strikið yfir það sem á ekki við)“.

2. Á síðu 2 í öllum fyrirmyndum að samræmisvottorði (COC) í IX. viðauka komi eftirfarandi í stað 50. liðar:

„50. Athugasemdir

50.1. ökutæki sem eru búin skammdrægum ratsjársjúnaði á tíðnisviðinu 24 GHz: Já/Nei (strikið yfir það sem á ekki við)

50.2. ökutæki sem eru búin skammdrægum ratsjársjúnaði á tíðnisviðinu 79 GHz: Já/nei (strikið yfir það sem á ekki við)

50.3. Aðrar aths.....“.

3. gr.

Bráðabirgðaákvæði

2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 12.2.7 í II. viðauka A:

„12.7.1. ökutæki sem eru búin skammdrægum ratsjársjúnaði á tíðnisviðinu 24 GHz: Já/Nei (strikið yfir það sem á ekki við)

12.7.2. ökutæki sem eru búin skammdrægum ratsjársjúnaði á tíðnisviðinu 79 GHz: Já/Nei (strikið yfir það sem á ekki við)“.

3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1.3 í viðbætinum við III. viðauka A:

„1.3.1. ökutæki sem eru búin skammdrægum ratsjársjúnaði á tíðnisviðinu 24 GHz: Já/Nei (strikið yfir það sem á ekki við)

1.3.2. ökutæki sem eru búin skammdrægum ratsjársjúnaði á tíðnisviðinu 79 GHz: Já/Nei (strikið yfir það sem á ekki við)“.

1. Ef ekki er farið að ákvæðunum sem sett eru í tilskipun 72/245/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin frá og með 1. júlí 2006:

a) líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/156/EBE, gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar,

b) hafa heimild til að neita að ný ökutæki verði skráð, seld og tekin í notkun.

Fyrirliggjandi samþykki á ökutækjum, sem eru ekki búin skammdrægum ratsjársjúnaði á tíðnisviðinu 24 GHz eða 79 GHz, helst óbreytt.

2. Frá og með 1. júlí 2013 skulu aðildarríkin banna að ökutæki, sem eru búin skammdrægum ratsjársjúnaði á tíðnisviðinu 24 GHz, verði skráð, seld og tekin í notkun.

3. Ef viðmiðunardagsetningunni í 5. mgr. 2. gr. ákvörðunar 2005/50/EB er breytt í samræmi við 5. gr. þeirrar ákvörðunar skulu aðildarríkin banna að ökutæki, sem eru búin skamm-drægum ratsjárnúnaði á tíðnisviðinu 24 GHz, verði skráð, seld og tekin í notkun eftir viðmiðunardagsetninguna sem þannig hefur verið breytt.

4. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2006. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. júlí 2006.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júlí 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.